



Daglegt líf

Algengt er að búddistar hafi altari heima hjá sér. Á því stilla þeir upp Búddalíkneski ásamt myndum af frægum munkum. Þetta er gert til að vernda húsið og færa íbúum þess gæfu.

Þegar búddistar eignast nýtt hús eða bíl er oft haldin veisla og munkum boðið til að vígja nýju eignina. Þetta er gert til að færa íbúum þess blessun og verja fyrir áföllum.

Búddistar mega halda upp á ýmsar trúarlegar hátíðir þeirra landa sem þeir búa í. Á Íslandi halda þeir til dæmis upp á jólin



Altari er borð, hilla eða einhverskonar upphækkun þar sem fólk framkvæmir helgiathafnir í samræmi við átrúnað sinn.

Páskar eru helsta hátíð bæði gyðinga og kristinna manna. Þar er þó um tvær mismunandi hátíðir að ræða. Á Íslandi er haldið upp á páskana að kristnum sið en þeir trúa því að Jesú Kristur hafi risið upp frá dauðum á páskadag.

eins og flestir Íslendingar, með því að hitta sína nánustu, borða saman og gefa gjafir. Búddistum finnst þetta falleg og góð hefð í skammdeginu. Á páskunum fá þeir sér súkkulaðiegg þó svo að páskarnir sem slíkir hafi enga merkingu hjá þeim.

Í mörgum löndum Asíu er ekki hefð fyrir því að halda upp á afmæli sitt á sama hátt og á Íslandi. Algengt er að afmælisbarnið fari með mat, blóm og peninga til munksins síns á afmælisdeginum. Börn af asískum ættum sem búa á Íslandi halda þó afmælisveislu eins og aðrir íslenskir krakkar.

Spurningar

1. Af hverju eru margir búddistar með altari heima hjá sér?
2. Hvað er algengt að búddistar geri þegar þeir eignast nýtt hús eða bíl?
3. Segðu frá hvort það eru einhverjir hlutir á þínu heimili eða einhverra sem þú þekkir sem eiga að vernda eða færa gæfu?
4. Hvað gera búddistar á Íslandi á jólum og páskum?
5. Hvað gera búddistar á afmælum?